

**136. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
7. október 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2007137 - Frumhvæðisathugun á stöðu einstaklinga sem ekki eru mæltir á íslensku í samskiptum við íslensk stjórnvöld**

Erindi Umboðsmanns Alþingis um framkvæðisathugun á stöðu einstaklinga sem ekki eru mæltir á íslensku í samskiptum við íslensk stjórnvöld.

*Lagt fram til upplýsinga.*

**2. 2009212 - Reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk**

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 skulu sveitarfélög veita fötluðu fólki kost á akstursþjónustu. Sveitarfélög hafa lengi haft slíkar skyldur og hefur þjónustan verið útfærð hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Með breytingum á lögum um félagsþjónustu hafa fylgt leiðbeiningar frá félagsmálaráðuneytinu sem unnar voru í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Leiðbeiningunum er ætlað að stuðla að samræmi milli sveitarfélaga og þjónustusvæða. Akraneskaupstaður hefur verið með ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk en nú liggja fyrir drög að breytingum á reglum um ferðaþjónustu sem munu bera heitið akstursþjónusta fyrir fatlað fólk. Endurskoðunin er á grundvelli 29. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins.

*Krisinn Hallur vék af fundi undir þessum lið.  
Laufey Jónsdóttir sat fundinn undir þessum lið.*

*Drög að reglum um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk lög fram til kynningar. Velferðar- og mannréttindaráð vísar drögunum til efnislegrar umsagnar í notendaráð um málefni fatlaðs fólks.*

**3. 2003068 - Viðbragðsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs við heimsútbreiðslu inflúensu**

Viðbragðsáætlun á velferðar- og mannréttindasviði vegna COVID-19. Stöðumat og upplýsingar.

*Lagt fram til upplýsinga.*

*KHS*



**4. 2006313 - Skammtímadvöl - könnun**

Skammtímadvöl fyrir fötluð börn. Upplýsingar um starfshætti skammtímadvalar.

*Málinu frestað til næsta fundar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.**

Einar Braudsson  
Kristinn H. Sæviðsson  
Þann þór Þorgilsson.

